

Fimmtudaginn 27. júní 1996.

Nr. 238/1996.

Ákærvaldið

(ríkissaksóknari)

gegn

Hauki Örvari Weihe

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. júní 1996, sem barst dóminum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 13. júní 1996, þar sem héraðsdómari hafnaði kröfu um að víkja sæti í málinu. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómara verði gert að víkja sæti í málinu.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 13. júní 1996.**I.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. þ. m., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með tveimur ákæruskjölum, út gefnum 4. mars 1996 og 2. apríl s. á. af lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum. Málið er höfðað á hendur Hauki Örvari Weihe, kt. 061077-3329, Dverghamri 17, Vestmannaeyjum. Samkvæmt ákæruskjölum eru ákæruatriði og dómkröfur eftirfarandi:

„1. Með því að hafa að kvöldi laugardagsins 21. október 1995 ekið bifreiðinni JV-350 með 62 km hraða á klukkustund suður Heiðarveg í Vestmannaeyjum.

2. Með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 21. febrúar sl. ekið sömu

bifreið með gáleysislegum hætti að Ósk Auðbergsdóttur, kt. 030980-5229, á Skólavegi við Barnaskóla Vestmannaeyja, svo að litlu munaði, að hún lenti framan á bifreiðinni.

Liður 1 telst varða við 1. mgr. 37. gr., en liður 2 við 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar réttar samkvæmt ökuskírteini, sbr. 101. gr. umferðarlaga.“

Þá er málið, eins og að framan greinir, einnig höfðað á hendur ákærða með ákæru, út gefinni 2. apríl 1996, eins og hér nánar greinir:

... með því að hafa skömmu eftir miðnætti miðvikudaginn 20. mars 1996 ekið bifreiðinni E-3577 með 80 km hraða á klukkustund eftir Strandvegi í Vestmannaeyjum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 100. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar réttar samkvæmt ökuskírteini, sbr. 101. gr. umferðarlaga. “

II.

Fyrri ákæra, út gefin 4. mars 1996, barst dóminum með bréfi lögreglustjóra 7. mars sl. Hinn 29. mars sl. fékk dómariinn málið til meðferðar og gaf þegar út fyrirkall í málinu. Var málið þingfest 10. apríl sl. Aftur var þingað í málinu 22. apríl sl., og voru málin þá sameinuð og aðalmeðferð ákveðin 10. júní sl. Við upphaf þinghalds þá gerði ákærandi kröfu um, að dómariinn víki sæti í málinu. Er krafan svohljóðandi:

„Með vísan til 6. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, samaber 5. gr. g-liðar laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, er þess krafist, að Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari víki sæti við meðferð ofangreinds máls.

Með ákvörðun, dagsettri 22. febrúar 1996, svipti sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum ákærða, Hauk Örvar Weihe, ..., ökurétti til bráðabirgða. Ákærði kærði ákvörðun sýslumanns til Héraðsdóms Suðurlands og krafðist þess, að hún yrði felld úr gildi. Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðnum af Jóni Ragnari Þorsteinssyni héraðsdómara, dags. 29. febrúar 1996, var ofangreind ákvörðun felld úr gildi.

Krafan byggist á því, að með úrskurði sínum hafi nefndur dómari tekið efnislega afstöðu til sakarefnisins, sem er til umfjöllunar í málinu, og sé því vanhæfur til frekari meðferðar málsins.“

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1991 kveður dómari sjálfur upp úrskurð um þá kröfu aðila, að hann víki sæti. Var málið í þessu skyni þegar tekið til úrskurðar, eftir að ákærandi hafði sett fram kröfu sína.

III.

Er dómariinn úrskurðaði, að felld skyldi úr gildi sú ákvörðun lögreglustjórans í Vestmannaeyjum frá 22. febrúar 1996, að Haukur Örvar Weihe skyldi sviptur ökurétti til bráðabirgða, hafði mál ekki verið höfðað á hendur ákærða, Hauki Örvari. Til úrlausnar var þá, hvort það var rétt mat lögreglustjóra, að Haukur Örvar hefði með ökuferli sínum á tímabilinu frá 11. nóvember 1994 til 14. febrúar 1996 og ætluðu broti 21. febrúar sl. gegn 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 gerst svo sekur við umferðarlög, að skilyrði væru til að svipta hann ökurétti til bráðabirgða.

Í úrskurði sínum tók dómariinn ekki afstöðu til þess, hvort Haukur Örvar hefði gerst sekur um umferðarlagabrot, er hann að mati lögreglu ók bifreiðinni JV-350 að kvöldi 21. október 1995 á 62 km hraða á klukkustund suður Heiðarveg í Vestmannaeyjum. Í þessu sambandi lét dómariinn þess aðeins getið, að lögreglumenn hefðu sektað Hauk Örvar á staðnum um 3.000 krónur og að Haukur Örvar hefði ekki greitt sektina, þótt fjórir mánuðir væru liðnir, frá því að ætlað brot var framið. Þar sem sektargerðin hefði ekki verið greidd innan þriggja vikna, kæmi þetta ætlaða brot ekki til álita í málinu, enda ákvörðun lögreglumannanna úr gildi fallin og lögreglustjóri ekki fylgt brotinu eftir með saksókn, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og 3. gr. reglugerðar nr. 187/1993 um sektargerðir lögreglumanna. Var þetta enn frekar áréttað í úrskurðinum, þar sem sagði:

„Ljóst er, að bráðabirgðasvipting ökuréttar verður ekki byggð á sektargerðum lögreglumanna, sem að lögum eru niður fallnar. Þannig háttaði einmitt til um sektargerðir frá ... og 21. október s. á. ...“

Er lögreglustjóri tók ákvörðun um bráðabirgðasviptinguna, lagði hann til grundvallar frumskýrslu lögreglu um ætlað umferðarlagabrot Hauks Örvars 21. febrúar 1996, en ekki frekari rannsóknargögn. Um þetta sagði svo í úrskurði dómarsins:

„Þá liggja fyrir hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum sex óafgreidd kærumál vegna ætlaðra umferðarlagabrota Hauks á tímabilinu frá 20. nóvember 1995 til 21. febrúar 1996. Af hálfu lögreglustjóra hefur verið upplýst, að unnið sé að því að gefa út ákæru á hendur Hauki vegna þeirra mála, sem óafgreidd eru, og þó einkanlega vegna ætlaðs brots hans frá 21. febrúar sl. og fyrr er frá greint. Þar verði auk refsikröfu gerð krafa um, að hann sæti sviptingu ökuréttar vegna „ítreakaðra umferðarlagabrota“. Haukur Örvar Weihe hefur hreint sakavottorð.“ Síðar í úrskurði dómarsins segir einnig:

„... Lögreglustjóri hefur tækifæri til í væntanlegu sakamáli að sýna fram á réttmæti þess, að Haukur verði sviptur ökurétti vegna hegðunar sinnar í umferðinni, en það brot, sem lögreglustjóri ætlar aðallega að byggja væntanlega málsókn sína á, er algjörlega órannsakað. Ekki verður séð, að

lögreglustjóri hafi getað dregið svo víðtækar ályktanir af hinum óafgreiddu kærumálum, að með tilkomu þeirra lægju fyrir skilyrði til að svipta Hauk ökurétti til bráðabirgða á grundvelli 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 103. gr. sömu laga, sbr. einnig lög nr. 44/1993. Í samræmi við framanritað verður að telja, að lögreglustjóra hafi skort lagaheimild til að svipta Hauk Örvar ökurétti til bráðabirgða fimmtudaginn 22. febrúar sl., og verður því sú ákvörðun lögreglustjórans í Vestmannaeyjum felld úr gildi.“

Framangreind tilvitnun sýnir, að dómariinn tók í úrskurði sínum enga efnislega afstöðu til þess ákæruatriðis, sem tilgreint er undir lið 2 í ákæru lögreglustjóra frá 4. mars sl., en dómariinn benti hins vegar á, að lögreglustjóri hefði tækifæri í væntanlegu sakamáli til að sýna fram á réttmæti þess, að Haukur Örvar yrði sviptur ökurétti vegna hegðunar sinnar í umferðinni, jafnframt því sem bent var á, að rannsaka þyrfti málið frekar. Sú rannsókn hefur nú farið fram, og ákæra liggur fyrir.

Ætlað brot ákærða miðvikudaginn 22. mars sl. lá ekki fyrir, er lögreglustjóri tók ákvörðun um að svipta Hauk Örvar ökurétti til bráðabirgða 22. febrúar sl. Af augljósum ástæðum kom því ekki til þess, að dómariinn tæki efnislega afstöðu til þess ákæruatriðis í úrskurði sínum 29. febrúar sl.

IV.

Samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður ákærði ekki dæmdur fyrir aðra hegðun en í ákæruskjali greinir. Í ákvæði þessu felst einnig, að sérstök viðurlög, sem tengd eru þeim brotum, sem ákært er fyrir, í þessu tilfelli svipting ökuréttar, verða ekki ákveðin, nema gerð sé krafa um þau í ákæru. Er dómariinn tekur ákvörðun um að svipta mann ökurétti, hefur hann til viðmiðunar, hvort ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir, og framferði hans sem ökumanns, ef því er að skipta, metið út frá ákæru og sakaferli samkvæmt sakavottorði. Ákærði Haukur Örvar hefur hreint sakavottorð.

Eins og rakið er í III. kafla hér að framan, tók dómariinn á engan hátt slíka afstöðu til ákæruatriða í máli þessu, er hann með úrskurði sínum felldi úr gildi ákvörðun lögreglustjóra um að svipta Hauk Örvar ökurétti, að það geri hann vanhæfan til að fara með málið og dæma í því. Dómariinn hefur því ekki gefið lögreglustjóra tilefni til að draga óhlutdrægni sína í efa, og eiga vanhæfisákvæði 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. g-lið 5. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, ekki við um dómariann í máli þessu.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari vikur ekki sæti í máli þessu.